



Reykjanesbær, 25. október 2023

Mál nr. 2023020682

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028, 315. mál

Fyrir Alþingi liggur tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028.

Aðgerðaáætlun 2024-2028 er sett fram með 5 markmiðum sem hvert er með nokkur undirmarkmið.

Í markmiði 4 sem fjallar um umhverfislegar sjálfbærar samgöngur.

Kafla 4.6. Efling almenningsgangna milli höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkurflugvallar. Mótuð verði áætlun um öflugar og kolefnishlutlausar almenningsgangur milli höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkurflugvallar. Greind verði þjónustupörf og þörf á aðstöðu fyrir farþega og tímasettar og kostnaðarmetnar tillögur til úrbóta lagðar fram. Ábyrgð: Innviðaráðuneytið, Vegagerðin og Isavia.

Reykjanesbær leggur áherslu á að greiningin taki einnig tillit til tenginga við Reykjanesbæ og önnur samfélög á viðkomandi samgönguleið.

Kafla 4.9. Umhverfisáhrif flugvalla. Unnið verði að ýmsum verkefnum í þá átt að greina betur og draga úr umhverfisáhrifum á flugvöllum. Unnar verði hljóðvistarmælingar við flugvelli og áhrif á nærliggjandi byggð metin. Greindar verði leiðir til þess að draga úr eldsneytisnotkun í og við flugvelli. Horft verði til orkuskipta flugvéla, bíla og tækja á flugvöllum. Einnig verði skoðaðar samgöngur til og frá flugvöllum. Þá verði greining unnin á ástandi á aðgengi að rafmagni á flugvöllum og landingarstöðum til að mæta þörfum rafmagnsflugvéla. Ábyrgð: Isavia

Reykjanesbær leggur áherslu á að við skoðun á samgöngum til og frá flugvöllum verði sérstaklega horft til þess að tengingar við byggðakjarna í Reykjanesbæ séu skilvirkar og fjölbreyttar. Ekki megi draga úr þeim tengingum sem nú þegar eru til staðar heldur þarf að betrumbæta þær og hanna á þann veg að þær einfaldi íbúum sem starfa á flugvallarsvæðinu að komast til og frá vinnu. Einnig þarf að horfa til þess hvaða áhrif öll sú umferð sem flugvallarsvæðið skapar hefur á samtengingu byggðakjarna í Reykjanesbæ. Í því ljósi má m.a. benda á að Reykjanesbrautin liggur þvert í gegnum bæjarfélagið. Leggja þarf áherslu á að við tvöföldun þess kafla Reykjanesbrautar sem liggur í gegnum Reykjanesbæ sé tryggt að Ásbrúarhverfi sé tengt við önnur hverfi



Reykjanesbæjar á þann hátt að ekki þurfi að blandast þeirri umferð sem fer um Reykjanesbraut til að komast á milli hverfa.

Í greinargerð þingsályktunarinnar segir í kafla 3. sem fjallar um Grunnnet samgangna.

Undirkafla 3.1. Breytingar á grunnneti samgangna. Litlar breytingar hafa orðið á grunnneti samgangna frá síðustu samgönguáætlun. Reykhólahöfn og Helguvíkurhöfn koma inn í grunnnet hafna vegna aukinna umsvifa, en hafnirnar í Keflavík og Njarðvík falla út úr grunnneti hafna vegna minnkandi umsvifa. Við þessar breytingar á höfnum í grunnneti verða skilgreindir stofnvegir að Reykhólahöfn og Helguvíkurhöfn, en stofnvegurinn að Keflavíkurhöfn og Njarðvíkurhöfn, þ.e. Keflavíkurvegur, fellur af vegaskrá.

Reykjanesbær gerir athugasemd við að Njarðvíkurhöfn sé ekki hluti af grunnneti samgangna samkvæmt áætluninni. Bæði Keflavíkurhöfn og Njarðvíkurhöfn eru felldar úr grunnnetinu í drögum að þessari Samgönguáætlun. Reykjanesbær mótmælir þeim fyrirætlunum enda er það viðmið í lönduðum sjávarafli sem notast er við, þá ákvörðun án stoðar í lögum og reglugerðum. Þessa dagana er mikil uppbygging að hefjast í Njarðvíkurhöfn sem leitt hefur til þess að Skipasmíðastöð Njarðvíkur áformar að byggja þar upp á hafnarsvæðinu öflugustu skipakví landsins. Auk þess undirrituðu dómsmálaráðherra, Landhelgisgæsla Íslands, Reykjanesbær og Reykjaneshöfn viljayfirlýsingu þann 26. maí 2023 þar sem fram kom að framtíðaraðstaða skipastóls gæslunnar yrði í Njarðvíkurhöfn þegar núverandi framkvæmdum lýkur. Með hliðsjón af þessu væri því óeðlilegt að Njarðvíkurhöfn væri ekki hluti af grunnneti samganga og fer Reykjanesbær fram á að þar verði engin breyting á.

Samkvæmt nýframkvæmdum í vegaáætlun 2024-2038 þá eru fyrirhugaðar framkvæmdir við tvöföldun Reykjanesbrautar milli Fitja og Rósaselstorgs ekki á áætlun fyrr en á árunum 2029-2033. Reykjanesbær leggur áherslu á að hönnun og framkvæmdum við tvöföldun Reykjanesbrautar milli Fitja og Rósaselstorgs verði flýtt, þessi vegakafli er einn umferðarþyngsti vegakafli landsins og ljóst að allt að 10 ára bið eftir lokum framkvæmda á þessum vegakafli mun reynast samfélaginu mikil áskorun.

Reykjanesbær vekur einnig athygli á því að ekki er í áætluninni ráðgerð nein uppbygging á Hafnavegi sem liggur út á Reykjanes. Nú standa fyrir dyrum gríðarmiklar framkvæmdir á Reykjanesi. Sú uppbygging mun skapa mikið álag á Hafnavegin og því mikilvægt að huga að uppbyggingu hans sem fyrst í núverandi þingsályktun að samgönguáætlun.

F.h. bæjarráðs Reykjanesbæjar
Kjartan Már Kjartansson
bæjarstjóri